

1 Framteljandi

| | |
|---------|--------------|
| Nafn | Kennitala |
| Heimili | Sveitarfélag |

2 Upplýsingar um launagreiðanda, fjárhæð ökutækjastyrks og akstur

| Launagreiðandi, nafn og kennitala | Fjárhæð | Akstur í þágu launagreiðanda skv. akstursdagbók eða akstursskýrslu |
|-----------------------------------|----------|--|
| | kr. | km |
| | kr. | km |
| | kr. | km |
| | kr. | km |
| Samtals | A | Samtals B |

3 Útreikningur á frádrætti

| | | | | | |
|--|---|---|--|---|---|
| Til frádráttar í lið 2.6 á skattframtali færist sú fjárhæð sem lægri er í reitum A eða C | Akstur í þágu launagreiðanda, sbr. reit B km | x | Heimill frádráttur pr. km sbr. töflu á bakhlið kr./km | = | Útreiknaður frádráttur C kr. |
|--|---|---|--|---|---|

Frádráttur verður þó aldrei lægri fjárhæð en hámarkið skv. akstusbilinu fyrir neðan. Sjá dæmi á bakhlið.

Undirritaður lýsir sig reiðubúinn til að leggja fram fullnægjandi akstursdagbækur eða akstursskýrslur og önnur gögn til ríkisskattstjóra.

Dagsetning

Undirskrift

Skýringar

Frá ökutækjastyrk, sem launþegi skal færa til tekna, heimilast til frádráttar tiltekinn kostnaður á hvern ekinn kílómetra í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist hærrí fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur. Skilyrði fyrir frádrættinum er að fyrir liggja skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er skilmerkilega lýst og að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla, þ.m.t. á rafrænu formi, þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Einnig þarf að liggja fyrir hver heildarakstur bifreiðar er á hverju ári. Færa skal þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

Til frádráttar heimilast fjárhæð sem tekur mið af heildarakstri í þágu launagreiðanda. Frádráttur er ákvarðaður miðað við hver heildarakstur hefur verið í þágu launagreiðanda og þá fjárhæð sem gildir á því akstursbili, sbr. töflu að neðan. Frádráttur verður þó aldrei lægri fjárhæð en hámarkið samkvæmt akstursbilinu fyrir neðan. Hafi akstur t.d. numið 1.010 km skal miða frádrátt við 136 kr. á hvern km, en þó aldrei lægri fjárhæð en 141.000 kr. (þ.e. 1.000 km margfaldað með 141 kr.). Eftirfarandi fjárhæðir heimilast til frádráttar á móti greiðslum frá launagreiðanda vegna aksturs í hans þágu miðað við hvern ekinn kílómetra:

| Akstur í þágu launagreiðanda | Frádráttur vegna almenns aksturs á hvern ekinn km | Frádráttur vegna sérstaks aksturs á hvern ekinn km | Frádráttur vegna torfæruaksturs á hvern ekinn km |
|------------------------------|---|--|--|
| 0-1.000 km | 141 kr. | 162 kr. | 204 kr. |
| 1.001-2.000 km | 136 kr. | 156 kr. | 197 kr. |
| 2.001-3.000 km | 131 kr. | 151 kr. | 190 kr. |
| 3.001-4.000 km | 126 kr. | 145 kr. | 183 kr. |
| 4.001-5.000 km | 122 kr. | 140 kr. | 177 kr. |
| 5.001-6.000 km | 118 kr. | 136 kr. | 171 kr. |
| 6.001-7.000 km | 114 kr. | 131 kr. | 165 kr. |
| 7.001-8.000 km | 110 kr. | 127 kr. | 160 kr. |
| 8.001-9.000 km | 106 kr. | 122 kr. | 154 kr. |
| 9.001-10.000 km | 102 kr. | 117 kr. | 148 kr. |
| 10.001-11.000 km | 99 kr. | 114 kr. | 144 kr. |
| 11.001-12.000 km | 95 kr. | 109 kr. | 138 kr. |
| 12.001-13.000 km | 92 kr. | 106 kr. | 133 kr. |
| 13.001-14.000 km | 89 kr. | 102 kr. | 129 kr. |
| 14.001-15.000 km | 86 kr. | 99 kr. | 125 kr. |
| 15.001 og meira | 83 kr. | 95 kr. | 120 kr. |

Akstur launamanns á milli heimilis hans og venjulegs vinnustaðar telst ekki í þágu launagreiðanda. Aki launamaður hins vegar beint frá heimili sínu til annars vinnustaðar en hins venjulega að beiðni launagreiðanda getur verið heimilt að færa frádrátt á móti greiðslum fyrir slík afnot ökutækis, enda séu þau afnot af ökutæki launamanns beinlínis tengd starfi hans en ekki fólgin í því einu að komast á vinnustað.

Sérstakt gjald er eingöngu fyrir akstur á vegum þar sem ekki er bundið slitlag og **torfærugjald** fyrir akstur utan vega eða á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbifreiðum. Gera þarf fullnægjandi grein fyrir því að forsendur séu fyrir greiðslu sérstaks gjalds eða torfærugjalds.